



Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar FUNDUR – 10. júní 2009

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar að Húnabraut 13, miðvikudaginn 10. júní 2009. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Refa- og minkaveiðar. Vignir Björnsson kom á fund og skýrði frá hvað gert hefði verið síðasta sumar og hvað fyrirhugað væri nú í sumar. Landbúnaðarnefnd beinir því til bæjarstjórnar að gerður sé formlegur samningur við þá aðila sem sjá um refaveiðar í sveitarfélaginu. Landbúnaðarnefnd mælir með að samið verði við þá aðila sem haft hafa verið á höndum undanfarin ár. Rætt var um að kanna með kaup á staðbundnum minkagildrum.
2. Upprekstrarmál. Ákveðið var að heimila upprekstur hrossa í afréttarlönd Blönduóssbæjar frá og með 20. Júní næstkomandi. Veður það boðað hrossaeigendum innan sveitarfélagsins bréflega. Hagagjald og fyrirkomulag upprekstrar veði með sama sniði og í fyrra.
3. Skrapatungurétt. Fjallskilastjóri greindi frá að hann hefði fundað með bæjarráði um viðhald á Skrapatungurétt, veginum fram að Kirkjuskarði og fleiri mál.
4. Bréf varðandi Illugastaði. Fjallskilastjóri lagði fram bréf þar sem fram kom að áhgui er fyrir að kaupa hluta Illugastaða. Landbúnaðarnefnd leggst gegn því að þetta land sé selt.
5. Önnur mál. Ekkert kom fram undir þessu lið.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið

*Gauti Jónsson (sign.)
Þórður Pálsson (sign.)*

Anna Margrét Jónsdóttir (sign.)